

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1218/2010

2011/EES/40/10

frá 14. desember 2010

um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga um sérhæfingu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾,

að birtum drögum að þessari reglugerð,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 er framkvæmdastjórninni heimilt að beita 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (*), með reglugerð, gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 101. gr. sáttmálans og varða sérhæfingu, þ.m.t. nauðsynlegir samningar til að ná fram sérhæfingu.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2658/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu ⁽²⁾ eru skilgreindir þeir flokkar samninga um sérhæfingu sem framkvæmdastjórnin taldi að uppfylltu að jafnaði skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Í ljósi þess að reynslan af beitingu þeirrar reglugerðar sem fellur úr gildi 31. desember 2010 er í heildina tekið jákvæð og að teknu tilliti til frekari reynslu, sem fengist hefur síðan hún var samþykkt, er rétt að ný reglugerð verði samþykkt varðandi hópundanþágu.

3) Þessi reglugerð verður að standast þau tvö skilyrði að tryggja skilvirka vernd samkeppni og að veita fyrirtækjum nægilegt réttaröryggi. Þegar unnið er að þessum markmiðum ber að taka mið af því að einfalda þarf stjórnsýslueftirlitið og lagarammann eins og framast er unnt. Þegar um er að ræða samninga um sérhæfingu milli aðila sem ná ekki tilteknum markaðsstyrk má almennt reikna með, að því er varðar beitingu 3. mgr. 101. gr., að jákvæð áhrif samninga um sérhæfingu vegi upp á móti neikvæðum áhrifum þeirra á samkeppni.

4) Að því er varðar beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá samninga sem geta fallið undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans, ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar viðkomandi markaðar.

5) Ávinningurinn af þeirri undanþágu, sem komið er á með þessari reglugerð, skal takmarkast við þá samninga sem hægt er að gera ráð fyrir, með fullnægjandi vissu, að uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.

6) Samningar um sérhæfingu eru líklegir til að bæta framleiðslu eða dreifingu vara þar eð fyrirtækin, sem í hlut eiga, búa yfir færni, eignum eða starfsemi til mótvægis hvert við annað, svo að þau geti einbeitt sér að framleiðslu tiltekinna vara og þar með aukið hagkvæmni og selt vörurnar á lægra verði en ella. Það sama má almennt segja um samninga um sérhæfingu við undirbúning þjónustustarfsemi. Ef um virka samkeppni er að ræða er líklegt að neytendur fái sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af henni hlýst.

7) Unnt er að ná slíkri hagræðingu hvort sem er með samningum þar sem einn samningsaðili hættir, alfarið eða að hluta til, framleiðslu á tilteknum vörum eða undirbúningi tiltekinna þjónustustarfsemi og felur hana öðrum aðila („einhliða sérhæfing“), samningum þar sem hver samningsaðili hættir, alfarið eða að hluta til, framleiðslu á tilteknum vörum eða undirbúningi tiltekinna þjónustustarfsemi og felur hana öðrum aðila („gagnkvæm sérhæfing“) eða samningum þar sem

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2011 frá 11. febrúar 2011 um breytingu á XIV viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 7.4.2011, bls. 7.

(1) Stjtið. EB L 285, 29.12.1971, bls. 46.

(2) Stjtið. EB L 304, 5.12.2000, bls. 3.

(*) Frá og með 1. desember 2009 telst 81. gr. EB-sáttmálans vera 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU). Þessar greinar eru efnislega samhljóða. Í þessari reglugerð geta vísanir til 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins verið vísanir til 81. gr. EB-sáttmálans, eftir því sem við á. Sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins innleiddi einnig tilteknar breytingar á hugtakanotkun, svo sem notkun á „Evrópusambandið“ í stað „Evrópubandalagið“ og „innri markaður“ í stað „sameiginlegur markaður“. Hugtakanotkun sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins verður beitt í þessari reglugerð.

- samningsaðilarnir semja um sameiginlega framleiðslu á tilteknum vörum eða að undirbúa tiltekna þjónustustarfsemi sameiginlega („sameiginleg framleiðsla“). Í tengslum við þessa reglugerð er þess ekki krafist, með hugtökunum einhliða sérhæfing og gagnkvæm sérhæfing, að aðili dragi úr afköstum, enda nægilegt að þeir dragi úr framleiðslumagni. Með hugtakinu sameiginleg framleiðsla er þess þó ekki krafist að einstakir aðilar dragi úr þeirri framleiðslustarfsemi sinni sem fellur utan gildissviðs fyrirhugaðs samnings um sameiginlega framleiðslu.
- 8) Eiginleikar samninga um einhliða sérhæfingu og gagnkvæma sérhæfingu gera ráð fyrir því að aðilar séu virkir á sama vörumarkaði. Ekki er nauðsynlegt að aðilarnir starfi á sama landfræðilega markaði. Af þessum sökum skal takmarka beitingu þessarar reglugerðar gagnvart samningum um einhliða og gagnkvæma sérhæfingu við aðstæður þar sem aðilarnir eru virkir á sama vörumarkaði. Aðilar, sem þegar eru virkir á sama vörumarkaði, geta gert samninga um sameiginlega framleiðslu, auk aðila sem sækjast eftir inngöngu á vörumarkað með þeim samningi. Því skulu samningar um sameiginlega framleiðslu falla innan gildissviðs þessarar reglugerðar án tillits til þess hvort aðilarnir séu þegar virkir á sama vörumarkaði.
- 9) Til að tryggja ávinning af sérhæfingu, án þess að neinn samningsaðilinn detti alfarið út af markaðinum eftir að framleiðslu lýkur, skal þessi reglugerð því aðeins taka til samninga um einhliða og gagnkvæma sérhæfingu að í þeim séu ákvæði um kaup- og afhendingarskuldbindingar eða sameiginlega dreifingu. Kaup- og afhendingarskuldbindingar geta, en þurfa ekki að varða einkaumböð.
- 10) Þegar markaðshlutdeild aðila á viðkomandi markaði, fyrir þær vörur sem eru viðfangsefni samnings um sérhæfingu, er ekki umfram tiltekið hámark má gera ráð fyrir að samningar um sérhæfingu hafi í för með sér efnahagslegan ávinning sem kemur fram í aukinni stærðar- eða umfangshagkvæmni eða bættri framleiðslutækni og tryggi neytendum sanngjarnan hlut í þeim ávinningi sem af hlýst. Ef vörurnar, sem framleiddar eru samkvæmt samningi um sérhæfingu, eru vörur á millistigi framleiðslunnar, sem einn eða fleiri aðilanna nota að öllu eða nokkru leyti sem aðföng í eigin framleiðslu á tilteknum vörum á síðari framleiðslustigum, sem þeir síðan selja á markaði, skal undanþágan sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð þó einnig vera með skilyrði um að hlutdeild aðilanna á viðkomandi markaði fyrir þessar vörur á síðari framleiðslustigi fari ekki umfram tiltekið hámark. Ef aðeins er litið til markaðshlutdeildar aðilanna á markaði fyrir vörur á millistigi framleiðslunnar væri litið framhjá mögulegri áhættu vegna útilokunar eða verðhækkana á aðföngum til samkeppnisaðila vegna vara á síðari framleiðslustigum. Ekki er þó gengið út frá því að samningar um sérhæfingu falli annaðhvort undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans eða uppfylli ekki skilyrði 3. mgr. 101. gr. sáttmálans þegar farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild sem sett eru fram í þessari reglugerð eða önnur skilyrði þessarar reglugerðar eru ekki uppfyllt. Í þeim tilvikum þarf að láta fara fram sérstakt mat á samningi um sérhæfingu skv. 101. gr. sáttmálans.
- 11) Samningar sem í eru takmarkanir sem eru ekki óhjákvæmilegar til að ná þeim jákvæðu áhrifum sem samningur um sérhæfingu hefur, ættu ekki að vera undanþegnir samkvæmt þessari reglugerð. Samningar sem fela í sér tilteknar alvarlegar samkeppnishömlur, sem varða verðsamráð gagnvart þriðja aðila, takmörkun á framleiðslu eða sölu og skiptingu markaða eða neytenda, skulu að meginreglu til vera undanþegnar ávinningi, sem komið er á með þessari reglugerð, án tillits til markaðshlutdeildar hluteigandi fyrirtækja.
- 12) Takmörkun á markaðshlutdeild, sú staðreynd að tilteknir samningar fá ekki undanþágu og skilyrðin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru að jafnaði trygging fyrir því að aðilarnir geti ekki, með samningum sem falla undir hópundanþágu, útrýmt samkeppni að því er tekur til verulegs hluta þeirrar vöru eða þjónustu sem um er að ræða.
- 13) Framkvæmdastjórnin getur afturkallað þann ávinning sem hlýst af þessari reglugerð, skv. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans⁽¹⁾, ef hún telur að í einhverju tilteknu tilviki hafi samningur sem undanþágan, sem kveðið er á um í þessari reglugerð gildir um, engu að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.
- 14) Samkeppnisyfirvald aðildarríkis getur afturkallað ávinning af þessari reglugerð skv. 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 að því er varðar yfirráðasvæði þess aðildarríkis, eða hluta þess, í sérstökum tilvikum þar sem samningur, sem undanþágan sem kveðið er á um í þessari reglugerð gildir um, hefur eigi að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 101. gr. sáttmálans á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða hluta þess, þegar slíkt yfirráðasvæði hefur öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar.
- 15) Hægt er að afturkalla ávinninginn sem kveðið er á um í þessari reglugerð skv. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, ef viðkomandi markaður er t.d. mjög samþjappaður og samkeppni er þegar lítil, einkum vegna sérstakrar markaðsstöðu annarra markaðsaðila eða tengsla milli annarra markaðsaðila sem verða til vegna hliðstæðra samninga um sérhæfingu.

(¹) Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

- 16) Til að greiða fyrir gerð samninga um sérhæfingu, sem geta haft áhrif á uppbyggingu aðilanna, er rétt að láta reglugerðina gilda í 12 ár.

auk þess, ef sérhæfingarvara er millistigsvara sem einn eða fleiri aðilar nota að öllu leyti eða að hluta til við framleiðslu vöru síðar í framleiðsluferlinu, viðkomandi vöru- og landfræðilegur markaður sem sú vara tilheyrir,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samningur um sérhæfingu“: einhliða samningur um sérhæfingu, gagnkvæmur samningur um sérhæfingu eða samningur um sameiginlega framleiðslu,
- b) „einhliða samningur um sérhæfingu“: samningur milli tveggja aðila sem eru virkir á sama vörumarkaði, en samkvæmt honum samþykkir einn aðili að hætta framleiðslu tiltekinna vara, að öllu eða nokkru leyti, eða láta vera að framleiða þær vörur og kaupa þær af hinum aðilanum, sem samþykkir að framleiða og afhenda þær vörur,
- c) „gagnkvæmur samningur um sérhæfingu“: samningur milli tveggja eða fleiri aðila sem starfandi á sama vörumarkaði, en samkvæmt honum samþykkja tveir eða fleiri samningsaðilar með gagnkvæmu samkomulagi að hætta eða láta vera að framleiða tilteknar vörur, sem eru mismunandi, og að kaupa þessar vörur frá hinum samningsaðilunum sem samþykkja að framleiða og afhenda þær,
- d) „samningur um sameiginlega framleiðslu“: en samkvæmt honum samþykkja tveir eða fleiri samningsaðilar að framleiða tilteknar vörur í sameiningu,
- e) „samningur“: samningur, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstillt aðgerð,
- f) „vara“: vara eða þjónusta, þ.m.t. bæði millistigsvörur eða -þjónusta og fullunnar vörur eða þjónusta, að dreifingar- og leiguþjónustu undanskilinni,
- g) „framleiðsla“: framleiðsla vöru eða undirbúningur þjónustu, þ.m.t. framleiðsla hjá undirverktaka,
- h) „undirbúningur þjónustu“: starfsemi sem er undanfari veitingar á þjónustu til viðskiptavina,
- i) „viðkomandi markaður“: viðkomandi vöru- og landfræðilegur markaður sem sérhæfingarvara tilheyrir og,

- j) „sérhæfingarvara“: vara sem er framleidd samkvæmt samningi um sérhæfingu,
- k) „vara sem kemur síðar í framleiðsluferlinu“: vara sem sérhæfingarvara er notuð í sem íhlutur, af einum eða fleiri aðilanna, og sem er seld á markaði af þeim aðilum,
- l) „fyrirtæki í samkeppni“: raunverulegur eða mögulegur samkeppnisaðili,
- m) „raunverulegur samkeppnisaðili“: fyrirtæki sem starfar á sama viðkomandi markaði,
- n) „mögulegur samkeppnisaðili“: fyrirtæki sem myndi að líkindum innan þriggja ára, ef ekki liggur fyrir samningur um sérhæfingu, á raunhæfum grundvelli en ekki aðeins sem fræðilegur möguleiki, við litla en varanlega hækkun á hlutfallslegu verði, takast á hendur nauðsynlegar viðbótarfjárfestingar eða annan nauðsynlegan aðlögunarkostnað til að komast inn á viðkomandi markað,
- o) „skuldbinding um einkasölu“: skuldbinding um að afhenda ekki öðru fyrirtæki í samkeppni en aðila að samningnum sérhæfingarvöruna,
- p) „skuldbinding um einkakaup“: skuldbinding um að kaupa ekki sérhæfingarvöru frá öðrum en samningsaðila,
- q) „sameiginlegt“: í tengslum við dreifingu, merkir að aðilarnir:
- i. dreifi vörunum með sameiginlegum hópi, einingu eða fyrirtæki, eða
 - ii. tilnefni þriðja aðila sem dreifingaraðila, hvort sem um einkadreifingu er að ræða eða ekki, að því tilskildu að sá þriðji aðili sé ekki fyrirtæki í samkeppni,
- r) „dreifing“: dreifing, þ.m.t. sala á vörum og þjónustustarfsemi.
2. Í þessari reglugerð skal merking hugtakanna „fyrirtæki“ og „aðili“ ná til viðkomandi tengdra fyrirtækja þeirra.

„Tengd fyrirtæki“:

a) fyrirtæki þar sem aðili að samningi um sérhæfingu, beint eða óbeint:

- i. ræður yfir meirihluta atkvæða,
- ii. getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækisins eða hjá aðilum sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins eða

iii. hefur rétt til að stýra rekstri fyrirtækisins,

b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum um sérhæfingu,

c) fyrirtæki þar sem eitt fyrirtæki, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,

d) fyrirtæki þar sem aðili að samningi um sérhæfingu og eitt eða fleiri fyrirtækjanna, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,

e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:

- i. aðila að samningi um sérhæfingu eða tengdra fyrirtækja hvers þeirra um sig sem um getur í a- til d-lið eða
- ii. eins eða fleiri aðila að samningi um sérhæfingu eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra, sem um getur í a- til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila.

2. gr.

Undanþága

1. Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 101. gr. sáttmálans gildir ekki um samninga um sérhæfingu.

Þessi undanþága skal gilda að því marki sem slíkir samningar fela í sér samkeppnishömlur sem falla undir gildissvið 1. mgr. 101. gr. sáttmálans.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir um samninga um sérhæfingu sem fela í sér ákvæði sem tengjast framsali eða leyfisveitingu hugverkaréttinda til eins eða fleiri af aðilunum, að því tilskildu að þau ákvæði fjalli ekki um

meginmarkmið slíkra samninga, en varða beinlínis framkvæmd þeirra og séu nauðsynleg fyrir hana.

3. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir um samninga um sérhæfingu þegar:

- a) aðilarnir samþykkja skuldbindingu um einkakaup eða einkasölu, eða
- b) aðilarnir selja ekki sérhæfingarvörurnar hver fyrir sig heldur dreifa þeim sameiginlega.

3. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild

Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. mgr., gildir því aðeins að samantöld markaðshlutdeild aðilanna fari ekki yfir 20% af viðkomandi markaði.

4. gr.

Alvarlegar takmarkanir

Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir ekki um samninga um sérhæfingu sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn samningsaðilanna, hafa eitthvert eftirfarandi atriða að markmiði:

a) verðsamráð við sölu á vörunum til þriðja aðila, að undanteknu verðsamráði vegna gjalda sem lögð eru á beina viðskiptavinum í tengslum við sameiginlega dreifingu,

b) takmörkun á framleiðslu eða sölu, með eftirfarandi undanþágum:

- i. ákvæði um samþykkt magn vara í tengslum við samninga um einhliða eða gagnkvæma sérhæfingu eða ákvörðun um afköst og umfang framleiðslu í samningum um sameiginlega framleiðslu, og

ii. ákvörðun sölumarkmiða í tengslum við sameiginlega dreifingu,

c) skipting markaða eða viðskiptavina.

5. gr.

Beiting viðmiðunarmarkna fyrir markaðshlutdeild

Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkanna fyrir markaðshlutdeild, sem kveðið er á um í 3. gr., skulu eftirfarandi reglur gilda:

a) markaðshlutdeildin skal reiknuð á grundvelli söluandvirðis; ef upplýsingar um söluandvirði liggja ekki fyrir má nota mat, byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þ.m.t. solumagn á markaði, til að ákvarða markaðshlutdeild aðilanna,

- b) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári,
- c) markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið annarrar undirgreinar í 2. mgr. 1. gr., skal skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða heimildir sem tilgreindar eru í a-lið þeirrar undirgreinar,
- d) ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 3. gr., er ekki meiri en 20% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 25% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., áfram samfellt næstu tvö almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 20% markaðshlutdeild,
- e) ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 3. gr., er ekki meiri en 20% en fer síðan yfir 25% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., áfram næsta almanaksár eftir árið þegar fyrst var farið yfir 25% markaðshlutdeild,

- f) óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli d- og e-liðar, þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

6. gr.

Aðlögunartímabil

Bann það sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 101. gr. sáttmálans gildir ekki á tímabilinu frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2012 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. desember 2010 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2658/2000.

7. gr.

Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Hún fellur úr gildi 31. desember 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

framkvæmdastjóri.